



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

SPAT1EF03 – Spangartækni 1

Kennari	Soffía Arngrímsdóttir, soffia.arngrimsdottir@fss.is	
Viðtalstími	Eftir samkomulagi.	
Námsefni	Námsefni áfangans er birt í Moodle. Stuðst verður við fyrirlestra, myndir, myndbönd, verklýsingar og leiðbeiningar kennara um uppbyggingu naglar, virkni spanga, eiginleika fjaðurstáls, mótun og spennu.	
Áfangalýsing	Áfanginn er bóklegur og verklegur. Nemendur læra um eiginleika fjaðurstáls og að móta spöng fyrir einstaka nögl. Þeir læra að ákvarða rétta spennu á hverja spöng eftir því hvaða vandamál er verið að meðhöndla og hvaða afleiðingar geta orðið af of lítilli eða of mikilli spennu.	
Námsmat og vægi námsmatspátta	Áfanginn er símatsáfangi. Til að standast áfangann þarf nemandi að ljúka öllum námsmatspáttum og gera að minnsta kosti 20 fullnægjandi fjaðurstálsspangir. Myndbandsverkefni er skilað eftir staðlotu 2 en verkefnamöppu með öllum 20 spöngunum er skilað í lok annar. Lágmarkseinkunn í áfanganum er 5,0.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Krossapróf 1	10%
	Krossapróf 2	10%
	Myndbandsverkefni	30%
	Verkefnamappa – 20 fjaðurstálsspangir	40%
	Virkni og vinnubrögð	10%
Reglur áfanga	Notkun snjallsíma er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. Nemendur skulu fylgja fyrirmælum um öryggi, hreinlæti og meðferð áhalda og efna. Verklegr vinna og skráning skulu vera sjálfstæð nema annað sé tekið fram.	
Annað sem kennari vill láta koma fram	Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar. Nemendur byrja ekki að vinna að spöngunum 20 fyrr en að lokinni fyrstu staðlotu. Milli staðlota vinna nemendur sjálfstætt að spöngunum og hitta kennara næst í staðlotu 2. Nemendur þurfa að halda utan um spangir sínar og skráningu í verkefnamöppu.	

Grunnpættir menntunar	Læsi kemur fram í notkun fagorða, lestri verklýsinga og skráningu vinnuferlis. Sköpun og sjálfbærni birtast í nákvæmri efnisnotkun, lausnaleit og mati á eigin vinnu. Heilbrigði, velferð og ábyrgð koma fram í öruggum vinnubrögðum og skilningi á áhrifum réttar og rangrar spennu á nöglina.
------------------------------	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • virkni spanga við réttingu nagla. • eiginleikum fjaðurstáls. • afleiðingum of lítillar eða of mikillar spennu spanga.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • gera fjaðurstálsspangir. • hafa gert að minnsta kosti 20 fullnægjandi stykki.
	
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • forma fjaðurstálsspangir á neglur. • ákvarða rétta spennu á hverja spöng.	

Vinnuáætlun		
Fyrirlestrar og lestur	8 fyrirlestrar og undirbúningur	10 klst.
Verkleg kennsla	Sýnikennsla, mælingar, mótun og leiðsögn	23 klst.
Sjálfstæð verkleg vinna	Gerð og frágangur 20 spanga	20 klst.
Námsmat og skráning	Tvö krossapróf, myndbandsverkefni og verkefnamappa	7 klst.
Alls		60 klst. = 3 ein.

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.–21. ágúst	Kynning á áfanganum, kennslufyrirkomulagi, verkefnum, námsmati og verklegri vinnu.	
2. vika 24.–28. ágúst	Uppbygging heilbrigðrar naglar og eðlileg lögun naglplötu.	
3. vika 31. ágúst–4. september	Breytt naglalögun, mat á nögl áður en spöng er mótuð og virkni spanga við réttingu nagla.	
4. vika 7.–11. september	Fyrsta staðlota: eiginleikar fjaðurstáls, áhöld, öryggi, mælingar, grunnbeygjur og sýnikennsla í uppbyggingu fjaðurstálsþangar.	Æfingar undir leiðsögn – vinna við spangir verkefnaöppunnar er ekki hafin.
5. vika 14.–18. september	Mótun spangar fyrir einstaka nögl. Samhverfa, aðlögun og frágangur.	Vinna að spöngum 1–5
6. vika 21.–25. september	Rétt spenna og hvernig krafturinn verkar á nöglina.	Krossapróf 1 Áframhaldandi vinna að spöngum
7. vika 28. september–2. október	Verklek þjálfun í mælingu, beygjum og mótun.	Vinna að spöngum 6–10
8. vika 5.–9. október	Of lítil og of mikil spenna: afleiðingar, algeng mistök og leiðréttingar.	Áframhaldandi vinna að spöngum
9. vika 12.–16. október	Gæðamat á spöngum. Staða, samhverfa, virkni og frágangur.	Vinna að spöngum 11–15
10. vika 19.–23. október	Sjálfstæð verkleg vinna og upprifjun.	Áframhaldandi vinna að spöngum
11. vika 26.–30. október	Sjálfstæð mótun fyrir mismunandi lögun nagla. Upprifjun á samhverfu, aðlögun og frágangi.	Vinna að spöngum 16–20
12. vika 2.–6. nóvember	Mat á virkni spangar og leiðrétting á mótun eða spennu.	Krossapróf 2 Áframhaldandi vinna að spöngum
13. vika 9.–13. nóvember	Staðlota 2 (12. nóvember): verkleg yfirferð, endurgjöf og leiðréttingar á mótun og spennu. Undirbúningur myndbandsverkefnis.	Verklek vinna í staðlotu 2 Vinna að myndbandsverkefni
14. vika 16.–20. nóvember	Myndbandsverkefni og tenging bóklegar þekkingar við mótun og spennu spangar.	Skil á myndbandsverkefni
15. vika 23.–27. nóvember	Yfirferð verkefnaöppu og endurbætur á einstökum spöngum eftir endurgjöf.	Lokafrágangur verkefnaöppu
16. vika 30. nóvember–4. desember	Samantekt og lok áfangans.	Lokaskil: Verkefnamappa – 20 spangir

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Soffía Arngrímsdóttir